


LEIÐBEININGAR UM NOTKUN

CETROTIDE®



 **Cetrotide®**
CETROTIRELIX

MERCK



HVAÐ ER CETROTIDE OG TIL HVERS ER ÞAÐ NOTAÐ

Cetrotide® er notað til að koma í veg fyrir ótímabært egglos hjá konum sem eru í ófrjósemismeðferð, en hún samanstendur af örvun eggjastokka, upptöku eggmóðurfrumu og tækniþrjóvgun.



CETROTIDE® STUNGULYFSSTOFN OG LEYSIR, LAUSN.



HVERNIG GEYMA Á CETROTIDE

Geymið í kæli (2°C-8°C). Má ekki frjósa eða setja nálægt frystihólfi eða frystieiningu. Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn ljósi. Geyma má lyf í órofnun umbúðum í upprunalegum umbúðum við stofuhita (ekki hærri en 30°C) í allt að þrjá mánuði.

1

BLÖNDUN DUFTSINS OG LEYSIS TIL AÐ ÚTBÚA LYFIÐ FYRIR INNDÆLINGU



Fjarlægðu lokið af
hettuglasinu.

*Lesið allar
leiðbeiningar vandlega
áður en byrjað er að
nota lyfið. Lesið einnig
fylgiseðilinn vandlega
sem fylgir lyfinu áður
en byrjað er að nota
lyfið*



Taktu lokið af áfylltu
sprautunni.



Skrúfaðu gulu nálina á hana.
Fjarlægðu lokið af nálinni.



Stingdu gulu nálinni í gegnum miðjuna á gúmmítappanum á hettuglasinu. Ýttu hægt á stimpilinn í sprautunni til að dæla vatninu í hettuglasið. Ekki nota nokkurt annað vatn. Cetrotide má aðeins leysa upp með vatninu í áfylltu sprautunni.



Skildu sprautuna eftir í gúmmítappanum. Haltu sprautunni og hettuglasinu varlega og snúðu þeim gætilega í hringi til að blanda dufti og vatni saman. Þegar blöndun er lokið á lausnin að vera gagnsæ og engar agnir sjáanlegar. Ef lausnin er skýjuð eða inniheldur agnir ætti ekki að nota lausnina.



Snúðu hettuglasinu á hvolf. Togaðu síðan stimpilinn varlega til baka til þess að draga lyfið úr hettuglasinu upp í sprautuna. Passaðu að draga ekki alveg út stimpilinn með áfasta bullutappanum.



Dragðu gulmerktu nálina varlega úr hettuglasinu, settu lokið aftur á gulu nálina. Skrúfaðu gulu nálina af sprautunni og leggðu sprautuna niður. Fargið nálinni á öruggan hátt.

2

INNDÆLING



Taktu utan af sprautunni með gráu merkingunni. Skrúfaðu gráu nálina á sprautuna og fjarlægðu lokið af gráu nálinni.



Veldu stungustað á kviðnum. Það er best í kringum naflann. Til að draga úr húðertingu skaltu velja mismunandi hluta kviðarins á hverjum degi. Hreinsaðu húðina á valda stungustaðnum með sprittklút. Stingdu gráu nálinni hægt alveg inn í húðina. Ýttu stimplinum hægt inn til að dæla lyfinu í þig. Þegar sprautan er tóm skaltu draga gráu nálina hægt út.




Settu lokin aftur á nálarnar svo að þeim megi farga með öruggum hætti. Notaðu hverja nál, hettuglös og sprautur aðeins einu sinni. Leitaðu ráða hjá lyfjafræðingi um hvernig skal farga nálum, sprautum og hettuglösum.

**NOTA SKAL LYFIÐ STRAX
EFTIR BLÖNDUN.**





Lesið vandlega upplýsingar í fylgiseðli fyrir notkun



Merck AB
Icepharma hf.
Lynghálsi 13, 110 Reykjavík
Sími: 540 8000
www.icepharma.is

MER240803 September 2024



MERCK